

## 140. fundargerð

# skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms

15. mars 2011

140. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms var haldinn 15. mars 2011 kl. 17 á skrifstofu skólastjóra.

### Dagskrá

1. Skýrsla skólastjóra
2. Framhaldsumræður um niðurgreiðslur námskostnaðar vegna tónlistarnáms utan Stykkishólms.
3. Önnur mál

### Mætt voru:

Jóhanna Guðmundsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Jósep Ó. Blöndal og Unnur Sigmarsdóttir.

1. Skýrsla skólastjóra.

Dagur tónlistarskólanna: Jóhanna sagði frá því að þau hefðu haldið hátíðlega dag tónlistarskólanna síðasta laugardag í febrúar. Góð mæting var á þessum degi og einnig á aukátónleika sem haldnir voru mánudeginum á eftir.

Nótan: Valin voru fjögur atriði til að taka þátt í svæðisbundnum tónleikum Nótunnar. Tvö atriði voru valin í grunnstigi, Halldóra Kristín, Hekla Fönn, Högn Ósk, Eypór, Friðrik Örn og Hinrik í hljómsveit og Þórhildur Hólmgeldsdóttir á píanó; eitt atriði á miðstigi Símon Karl á klarínettu; eitt á framhaldsstigi, Sýlvía Ösp og Berglind sem spiluðu fjórhent á píanó. Við vorum í hlutverki gestgjafa á þessum svæðisbundnum tónleikum fyrir allt Vesturland, Vestfirði og V-Húnavatnssýslu og þeir voru haldni 12. mars síðastliðinn. Allir kennarar skólans lögðu á sig mikla vinnu til að undirbúa og halda þessa hátíð. TónVest hlýtur styrk hjá Menningarráði Vesturlands til að dreifa kostnaði á þá tónlistarskóla Vesturlands sem tóku þátt í Nótunni.

Samspilsmánuður lúðrasveitarinnar: Lúðrasveitarnemendur spila saman í smærri hópum í mars mánuði í stað hefðbundinna lúðrasveitaræfingar. Í byrjun apríl fara þau svo eina helgi í æfingabúðir á Akranes.

Áfangapróf og tónleikar: Stefnt er að píanótónleikum fyrir nemendur á framhaldsstigi á píanó, þau Berglind, Hildur Björg, Páll og Sýlvía Ösp, þann 28. apríl. Áfangaprófin verða haldin fyrir páska og munu fimm nemendur þreyta grunnpróf og einn nemandi þreytir miðpróf. Skólaslit verða föstudaginn 13. maí í Stykkishólmskirkju.

Fundur með bæjarstjóra og fleirum: Farið var í gegnum reksturinn en gaman að geta þess að fjárhagsáætlun stóðst mjög vel hjá Tónlistarskóla Stykkishólms.

Píanótónleikar nemenda frá Kolding verða laugardaginn 16. apríl kl. 13 í Stykkishólmskirkju.

2. Framhaldsumræður um niðurgreiðslur námskostnaðar vegna tónlistarnáms utan Stykkishólms.

Ræddum um tillögur varðandi niðurgreiðslu námskostnaðar og lögðum til nokkrar reglur sem sendar verða á bæjarstjóra.

3. Önnur mál.

Búið er að ráðstafa geymsluherberginu niðrí kjallara fyrir félags- og skólaþjónustu Snæfellsnes. Salurinn var lánaður vegna skóladansleiks í tengslum við árshátíð grunnskólans.

Ákváðum að hittast næst þriðjudaginn 3. maí.

Fundi slitið kl. 18:50

Unnur Sigmarsdóttir (sign),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign),

Sigurborg Sturludóttir (sign),

Jósep Ó. Blöndal (sign).